



Aðildarfélag KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 21. apríl 2021

Ákvæði til bráðabirgða. Leikmannaskiptingar í efstu deildum og bikarkeppni KSÍ.

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 18. febrúar sl., samþykkti stjórn tímabundnar breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Um er að ræða breytingar er snúa að leikmannaskiptingum í efstu deildum karla og kvenna.

Keppnistímabilið 2021 verður heimilt að setja fimm varamenn inn í leik í efstu deild karla, efstu deild kvenna, 1. deild karla og bikarkeppni KSÍ. Í hverjum leik er þó aðeins heimilt að nota þrjár leikstöðvanir til skiptinga en einnig er heimilt að nota leikhléið til skiptinga. Sé leikur framlengdur má hvort líð nota einn varamann til viðbótar með því að nota eina leikstöðvun til viðbótar. Einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til skiptinga. Þetta eru samhljóma ákvæði og þau sem voru í gildi á árinu 2020.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breyttar reglugerðir, ný bráðabirgðaákvæði eru skáletruð:

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

Eftirfarandi breyting hefur verið gerð á grein 23:

23.gr. **Meistaraflokkur karla**

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja þrjá varamenn inn á í leik. Í 2., 3. og 4. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. Ein viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

Ákvæði til bráðabirgða 2021:

Í efstu deild karla, 1. deild karla og í bikarkeppni KSÍ er heimilt að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhléið til skiptinga. Sé leikur framlengdur má hvort líð nota einn varamann til viðbótar með því að nota eina leikstöðvun til viðbótar. Einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til skiptinga.

Stærð knattar: 5

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í efsta deild karla, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

Eftirfarandi breyting hefur verið gerð á grein 29:

29.gr.
Meistaraflokkur kvenna

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja þrjú varamenn inn á í leik. Í 1. og 2. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. Ein viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

Ákvæði til bráðabirgða 2021:

Í efstu deild kvenna og í bikarkeppni KSÍ er heimilt að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhléið til skiptinga. Sé leikur framlengdur má hvort lið nota einn varamann til viðbótar með því að nota eina leikstöðvun til viðbótar. Einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til skiptinga.

Stærð knattar: 5.

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í efstu deild kvenna, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.